

Stjórnarfundur Leiðsagnar, 10. nóvember 2020 kl. 11:00

Áttundi fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn þriðjudaginn 10. nóvember klukkan 11:00. Fundinn var haldinn í gegnum fjarfundabúnað en hann sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Þór Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta og þarsíðasta fundar. Samþykktar.
2. Húsnæðismál. Tveir möguleikar í skoðun. Hjá ASÍ, verð heldur hátt en hugsanlega fást þau til að lækka verðið, fáum svar um það í næstu viku. Eins er verið að kanna með aðstöðu í hús Rafiðnaðarsambandsins sem er við hlið núverandi húsnæðis. Formaður og varaformaður reyna að fá botn í þetta og verð sem fyrst.
3. Raunfærnimat. Haukur Harðarson hjá Hæfisetri ferðapjónustunnar leiðir þetta starf í samstarfi við Leiðsögn og SAF. Ljóst er að nokkrir þeir skólar sem kenna leiðsögn hafa áhuga á að vinna að þessu máli, en töluverð vinna er enn fyrir höndum við útfærslu. Fagráð fundar með Hæfnissetri ferðapjónustunnar í fyrramálið og í framhaldi af því haft samband við viðkomandi skóla með formlegu erindi. Ansi mikið af undirbúningnum er miðaður við rútleiðsögn og þarf því að víkka út í framtíðinni.
4. Tekjufallsstyrkur. Upplýsingar um þau mál fengust frá Skattinum í gær. Þar á bæ er verið að útfæra ný lög og reglugerðir og útbúa viðmót til að taka á móti umsóknum. Formanni og ritara farði að taka saman þær upplýsingar og senda félagsmönnum í vikunni.
5. Fjárhagsstaða félagsins. Sjóðir eins og sjúkrasjóður og endurmenntunarsjóður eiga að greiða til rekstrar félagsins miðað við umfang. ASÍ segir að það sé réttast. Tölur um innkomu eru afar slæmar, sjá punkta frá Sonju bókara. Fá nánari punkta frá Óskari gjaldkera. Sækja um stuðning til hins opinbera vegna tekjufalls félagsins. Inni í því felst líka að móta framtíðarstefnu félagsins á næstu árum og misserum.
6. Önnur mál.

Fundi slitið klukkan 12:10.